

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 1. mars 2018  
Tilvísun: 2018020030

**Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952 með síðari breytingum.**

Meðfylgjandi eru athugasemdir og umsögn Útlendingastofnunar eftir yfirllestur frumvarps til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Það athugist að Útlendingastofnun gerir einungis athugasemdir við þau ákvæði sem beinlínis snerta starfssvið stofnunarinnar.

Útlendingastofnun hefur ekki almennar athugasemdir við frumvarpið en gerir athugasemdir við einstakar greinar.

***Athugasemdir við einstakar greinar:***

2. mgr. 1. gr.

Útlendingastofnun gerir ekki athugasemdir við þá efnislegu breytingu sem frumvarpið leggur til á 1. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt.

Að mati Útlendingastofnunar er hins vegar ekki skýrt hver ber skyldu samkvæmt ákvæðinu. Fram kemur að barn sem fundist hefur hér á landi teljist íslenskur ríkisborgari þar til annað reynist sannara. Í greinargerð með frumvarpi kemur fram að ef sannist að barn hafi ekki verið ríkisfangslaust við fæðingu beri að koma gögnum þess efnis til Þjóðskrár Íslands. Í 9. gr. frumvarpsins kemur fram að Þjóðskrá Íslands beri ábyrgð á skráningu skv. ákvæðinu en umfjöllun í greinargerð á einungis við um þau tilvik þegar foreldri óskar eftir skráningu fyrir barn, ekki þegar barn finnst hér á landi. Ekki er því skýrt hvaða stjórnvald eða aðili ber ábyrgð á sönnun á ríkisfangi og rannsókn samkvæmt 1. gr.

Um tvíþætta sönnun er að ræða samkvæmt ákvæðinu, annars vegar sönnun á ríkisfangi þegar barn finnst og hins vegar sönnun á ríkisfangi síðar.

***Sönnun í upphafi***

Samkvæmt frumvarpinu telst barn íslenskur ríkisborgari þar til annað reynist sannara. Ekki kemur fram í ákvæðinu hver eða hvaða stjórnvald ber ábyrgð á því að sýna fram á ríkisfang barnsins í upphafi. Rannsókn á ríkisfangi barns hlýtur að þurfa að fara fram þegar barn finnst hér á landi og

Íslensk stjórnvöld hljóta að þurfa að bera ábyrgð á þeirri rannsókn. Mörg mikilvæg atriði þarf að rannsaka, t.d. hvort vera barnsins tengist sagnæmu athæfi og hvar foreldrar þess eru.

Skýrt þarf að vera samkvæmt lögum hver ber ábyrgð á slíkri rannsókn til þess að hagsmunum barnsins sé sem best gætt og ekki verði árekstur milli stjórnvalda.

#### *Sönnun á ríkisfangi síðar*

Hvorki í ákvæðinu né í greinargerð kemur fram hver hefur þá skyldu að koma gögnum til Þjóðskrár Íslands um ríkisfang barns fyrir fimm ára aldur. Það stjórnvald sem bera skal rannsóknarskyldu samkvæmt ákvæðinu hlýtur að eiga bera þá ábyrgð en mögulegt er að gögn eða upplýsingar um ríkisfang barns geti borist annarsstaðar frá. Vaknar þá aftur sú spurning hvaða stjórnvald á að meta viðkomandi gögn vegna breyttrar skráningar ríkisfangs barnsins.

Að mati Útlendingastofnunar er eðlilegast að lögregla og barnaverndaryfirvöld beri ábyrgð á sönnun samkvæmt 2. mgr. 1. gr. Hvort sem um er að ræða sönnun þegar barn finnst eða síðar.

#### *Afleiðing breytingar ríkisfangs*

Ef sannast fyrir fimm ára aldur barns að það er ekki ríkisfangslaust ber að skrá breytt ríkisfang hjá Þjóðskrár Íslands. Ekki kemur fram hvaða afleiðingar sú breyting hefur í för með sér varðandi réttindi barnsins til dvalar hér á landi. Komi t.d. í ljós að barn er ríkisborgari ríkis utan EES/EFTA ríkja þarf barnið dvalarleyfi hérlendis. Skýrt þarf að vera hver ber ábyrgð á umsókn um dvalarleyfi fyrir barn í þeirri stöðu og hvort barni skuli í þessum tilvikum veitt dvalarleyfi á grundvelli 5. mgr. 71. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga.

5. gr.

Útlendingastofnun bendir á tvö atriði í tengslum við 5. gr. frumvarpsins. Að mati Útlendingastofnunar þurfa stjórnvöld að taka afstöðu til þess hvort vilji er til að mismunandi reglur skuli gilda um rétt til íslensks ríkisfangs innan sömu fjölskyldu þar sem allir aðilar öðluðust rétt til dvalar á Íslandi á sama tíma og hvort ætlunin er að mismunandi gagnakröfur verði jafnframt gerðar í sömu tilvikum.

#### *Lengd dvalar*

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins kemur fram regla um þriggja ára dvöl sem grundvöll ríkisborgararéttar í ákveðnum tilvikum. Útlendingastofnun bendir á að með reglunni skapast ákveðið misræmi. Samkvæmt núgildandi 6. tl. 1. mgr. 8. gr. eiga flóttamenn rétt á ríkisborgararétti eftir fimm ára búsetu. Samkvæmt frumvarpinu geta einstaklingar sem hafa fengið alþjóðlega vernd og verið búsettir hér í þrjú ár fyrir 18 ára aldur fengið ríkisborgararétt með tilkynningu til Útlendingastofnunar.



# UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN  
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Hafi fjölskyldu verið veitt alþjóðleg vernd á sama tíma getur sú staða komið upp á börn í fjölskyldunni eigi rétt á ríkisborgararétti en ekki foreldrarnir. Að sama skapi getur sú staða komið upp að sum barna í fjölskyldu eigi rétt á íslensku ríkisfangi eftir þriggja ára búsetu en ekki önnur, t.d. myndi barn sem fær alþjóðlega vernd 17 ára ekki falla undir þessa reglu en barn sem fær vernd 13 ára myndi gera það.

*Tilkynning til Útlendingastofnunar eða umsókn um ríkisborgararétt*

Samkvæmt III. kafla laga um íslenskan ríkisborgararétt er ríkisborgararéttur með stjórnvaldsákvörðun veittur samkvæmt umsókn. Til þess að unnt sé að öðlast ríkisborgararétt samkvæmt umsókn þarf umsækjandi að uppfylla skilyrði III. kafla laganna, þ.m.t. skilyrði 8. og 9. gr.

Til þess að öðlast ríkisfang með tilkynningu líkt og fram kemur í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins þarf að uppfylla færri skilyrði og leggja fram minna af gögnum heldur en þegar ríkisborgararéttur er veittur samkvæmt umsókn. Einstaklingur sem öðlast ríkisfang samkvæmt tilkynningu þarf t.d. ekki að fara í íslenskupróf.

Sama staða getur því skapast og lýst er hér að framan. Barn sem fær alþjóðlega vernd 17 ára þarf að sækja um ríkisborgararétt með umsókn en ekki t.d. barn sem fær vernd 13 ára.

Reykjavík, 1. mars 2018

F.h. Útlendingastofnunar,

  
Fríða Breiðfjörð Arnardóttir



  
Sigurbjörg Rut Hoffritz

